

Ísteka ehf.
Grensásvegi 8
108 Reykjavík

Reykjavík, 8. febrúar 2021
UST202003-319/H.S.J.
08.09.02

Efni: Reglubundið eftirlit þann 16.12.2020, hjá Ísteka ehf.

Þann 16. desember sl. fór fram eftirlit í lyfjaframleiðslu Ísteka ehf, Grensásvegi og Eirhöfða. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirlitinu og tvö frávík komu fram er varða:

1. Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Öll framleiðsla lyfja er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun. Gildandi starfsleyfi tekur einungis til framleiðslu rekstraraðila að Grensásvegi. Móttaka og frumvinnsla hráefnis fer hinsvegar fram á annarri starfsstöð sem er ekki með gilt starfsleyfi. Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi sem tekur til beggja starfstöðva hefur verið metin fullnægjandi.
2. gr. 3.5 í almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi og 2. mgr. 16. gr. efnalaga nr. 61/2013. Geyma skal öll hættuleg efni á öruggan hátt og þess gætt að þau berist ekki í niðurföll. Jafnframt skal aðgreina efni í rýmum vegna mögulegrar hættu við blöndun þeirra. Geymsla efna er ekki fullnægjandi, frásog ekki nægjanlegt, niðurföll eru ekki almennilega lokuð og aðskilnaður mismunandi efna er ekki fullnægjandi.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 1. mars 2021

Virðingarfyllst

Hulda Soffía Jónasdóttir
sérfræðingur

Steinunn Karlsdóttir
sérfræðingur